



Mjóifjörður

Norðfjörður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

SKÓLABÚÐIR Á STÖÐVARFIRÐI VOR 2016



Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar og
Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Nafn skóla: Stöðvarfjarðarskóli

Nafn verkefnisins: Skólabúðir á Stöðvarfirði

Nafn verkefnastjóra: Sólrún Friðriksdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er að bjóða nemendum í 7. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar upp á þriggja daga skólabúðir í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. Nemendur eru um 70 talsins og var þeim boðið upp á 7 mismunandi námskeið með skapandi áherslum. Með þessu viljum við efla fjölbreytileika menntunar í fjórðungnum á sviðum skapandi greina svo sem lista, tónlistar og handverks. Aukinn fjölbreytileiki menntunar eykur aðdráttarafli til búsetu á svæðinu en byggðarkjarnar á svæðinu eiga undir högg að sækja. Með verkefninu vildum við einnig skapa þekkingu og reynslu sem kemur til með að styrkja áframhaldandi samstarf milli Fjölskyldusviðs Fjarðarbyggðar og Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði. Því er hér um að ræða framtíðaruppbyggingu á svæðinu sem hefur alla burði til að auka umfang sitt og fleiri skóla á Austurlandi, t.d. skólar á framhaldsskólastigi geta komið að.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Nemendur eru um 70 talsins og var þeim boðið að velja milli 7 mismunandi námskeiða. Áhersla var á að ná saman fjölbreyttum hóp leiðbeinenda sem byðu upp á nýstárlegar og fjölbreyttar smiðjur fyrir krakkana með von um að sem flestir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi og kynnst nýjum möguleikum. Þær smiðjur sem boðið var upp á voru; skapandi skrif, leiklist og hugleiðsla, grímugerð/smíðar, dúkristu- og skissubókargerð, raftónlistarsmiðja, veggjalist (graffiti) og strengjatónlist. Nemendur af fjórðunum söfnuðust saman í rútuferðir, þeir komu að morgni og héldu heim síðdegis. Umsjónakennarar úr hverjum skóla komu með nemendunum og aðstoðuðu við kennsluna ef með þurfti. Hóparnir unnu dagana þrjá hver í sinni smiðju og undir lok þriðja dags komu þeir allir saman og kynntu afrakstur vinnu sinnar.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Verkefnið gekk í alla staði eins og áætlunir stóðu til um.

Helstu hindranir:

Sá lærdómur sem draga má af þessu verkefni er sá að ferðalagið fyrir þá nemendur sem lengst að koma, t.d. nemendur Nesskóla á Neskaupsstað, er heldur langt (um 1 ½ klst. akstur hvor leið). Eftir

samráðsfund skipuleggjenda, kennara og umsjónaraðila Sköpunarmiðstöðvarinnar var lagt til að næstu skólabúðir á Stöðvarfirði munu bjóða upp á gistingu fyrir þá nemendur sem lengst að koma.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu:

Lögð var skoðanakönnun fyrir nemendur þar sem við spurt var út í reynslu þeirra af verkefninu. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda var mjög ánægður með sínar smiðjur, samstarf sitt við leiðbeinendur og vilja gjarnan taka aftur þátt í skólabúðum sem þessum. Eins voru flestir á því að þeir hafi lært eitthvað nýtt og kynnst nýjum krökkum af hinum fjörðunum. Mjög mikilvægt er að skapa samgang milli staðanna og þjappa þannig byggðinni saman og vorum við virkilega ánægð með tengslamyndunina milli krakkana.

Reynslan af þessum skólabúðum hefur nú þegar gefið skipuleggjendum og aðstandendum góða innsýn á hvaða fyrirkomulag og áherslur eru mikilvægar og líklegar til árangurs. Því er stefnt að því að bjóða reglulega upp á skólabúðir sem þessar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Í heildina litið gekk skipulagning og framkvæmd á verkefninu samkvæmt áætlun og voru viðbrögð nemenda fram úr björtustu vonum. Þeir leiðbeinendur sem við fengum til liðs við okkur komu með frumlegar og nýstárlegar smiðjur sem eru ferskt innlegg inn í skólastarf Fjarðabyggðar. Samkvæmt skoðanakönnun sem lögð var fyrir nemendurnar var mikil ánægja með námskeiðin, nemendur lærðu nýja hluti, áttu gott samstarf við sína leiðbeinendur og kynntust innbyrðis.

Af fenginni reynslu teljum við því skólabúðir sem þessar vera raunhæfa leið til þess að efla fjölbreytileika skólastarfs á svæðinu, með von um að það muni auka aðdráttarafli til búsetu.

Niðurstöður verkefnis: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

a). Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins:

-Fjöldi hæfileikaríkra einstaklinga eru til staðar sem eru tilbúnir til að deila nýstárlegri og skapandi þekking sinni með skólakrökkum, fái þeir tækifæri til. Við lítum svo á að skólabúðir sem þessar séu frábær vettvangur til þess að hleypa nýjum og ferskum vindum inn í skólastarfið og ljóst er af viðbrögðum nemenda að grundvöllurinn er svo sannarlega til staðar.

-Öll skipulagning við framkvæmd verkefnisins gekk mjög vel fyrir sig og má ljóst vera að góður undirbúningur og rúmur tími til athafna er lyklatríði.

-Nemendur eru jafn misjafnir og þeir eru margir. Í hópunum voru einstaklingar sem þarfnast meiri aðstoðar en aðrir og sú ákvörðun að umsjónarkennarar nemendanna væru til taks til að aðstoða þá nemendur reyndist mjög gagnleg.

-Ákveðið var að nemendur veldu sér eina smiðju sem þeir tóku þátt í alla þrjá dagana, í stað þess að ný smiðja tæki við á degi hverjum. Sú ákvörðun skilaði sér í mjög finni vinnu þar sem krakkarnir

náðu að kynnst leiðbeinendum og skapa dýpt í verkefnum sínum. Undir lok síðasta dags sýndu hóparnir svo afrakstur sinnar vinnu og gátu þeir nemendur sem sköpuðu verk tekið það heim með sér að búðunum loknum.

-Ferðalög nemenda til og frá Stöðvarfirði dagana þrjá reyndist heldur mikil keyrsla fyrir þá nemendur sem komu hvað lengst að, t.d. nemendur Nesskóla á Neskaupsstað. Til að leysa þá stöðu hefur verið lagt til að næstu skólabúðir á Stöðvarfirði munu bjóða upp á gistingu fyrir nemendur og að dögnum yrði þjappað saman í tvo kröftuga daga í stað þriggja.

-Samkvæmt skoðunarkönnun var 70% nemendanna mjög ánægðir með skólabúðirnar í heild sinni, og sína smíðju. 30% voru nokkuð ánægð og 0% voru óánægð. 77% nemenda vilja koma aftur í skólabúðir á Stöðvarfirði, 23 % voru óviss og 0% vildi það ekki. 70% nemenda sögðust hafa kynnst nýjum krökkum af hinum fjörðunum, 22 % voru óviss og 8% sögðust ekki hafa myndað ný tengsl. 82% nemenda var mjög ánægðir með samstarf sitt við leiðbeinendur smíðjanna og 18% voru ánægðir. 0% voru óánægðir. Af þessum niðurstöðum að dæma er ljóst að verkefnið átti mjög uppá pallborðið hjá nemendum.

-Með því að fá tækifæri til að láta á þetta verkefni reyna sjáum við nú nýjan og raunhæfan möguleika til þess að efla fjölbreytileika náms á svæðinu og efla þannig aðráttarafl til búsetu.

b.)Náðust markmiðin? Hvað er til markst um það?:

Já, sjá allt hér að ofan.

c.)Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?:

Mikill vilji er af hálfu allra aðila til að halda verkefninu áfram og gera það að árlegum viðburði. Með aðstoð m.a. frá Sprotasjóði var unnt að láta þetta verkefni verða að veruleika að þessu sinni og er það mikilvægur grunnur til að byggja á.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður:


Skólabúðirnar voru kynntar á vef Fjarðarbyggðar, www.fjardabyggd.is, á vef Stöðvarfjarðarskóla, www.stodvarfjardur.is og heimsíðu og fésbókarsíðu Sköpunarmiðstöðvarinnar, www.inhere.is og www.facebook.com/hercreativecentre. Innslag um búðirnar mun koma í þættinum að Austan á N4 á næstu dögum og samhliða því mun umfjöllun birtast í Austurglugganum.

18. maí 2016, Stöðvarfjörður



Sólrun Friðriksdóttir

Verkefnastjóri



Jónas E. Ólafsson

Skólastjóri ábyrgðarskóla